



Fundargerð 13. fundar stjórnar AKÍS 2025-2026

Staður og tími: Zoom 16. september 2025 kl. 19:30

Mættir aðalmenn: Baldvin Hansson (BH), Jón Þór Jónsson (JPJ), Páll Jónsson (PJ), Halldór Viðar Hauksson (HVH), Linda Karlsdóttir (LK), Sigurður Ingi Sigurðsson (SIS)

Mættir varamenn: Ari Halldór Hjaltason (AHH), Andri Már Sveinsson (AMS), Ásta Sigurðardóttir (ÁS)

Fjarverandi: Aðalbjörg Ósk Sigmundsdóttir (AÓS),

Fundinn sat einnig Helga Katrín Stefánsdóttir (HKS) starfsmaður sambandsins.

HKS ritaði fundargerð

1. Slysaskrá

Formaður leggur til að búið verði til skjal sem öryggisfulltrúar myndi fylla út ef slys verða á keppnum. Svo hægt sé að halda slysaskrá. Stjórn felur starfsmanni og Ara að útbúa skjal út frá þeim skjölum sem eru til sem kom. Tilgangur að það verði til gagnagrunnur sem nýtast megi til forvarnar gegn slysum.

2. Tryggingar

Stjórn fékk Valdemar lögfræðing til að skoða hvort væri hægt að fá betri tryggingar. Vinna hefur staðið í tvö ár og stjórn hefur fengið tilboð í slysatryggingar fyrir keppendur og starfsmenn.

Góðar umræður fóru fram lagt er til að málið verði sett á formannafund.

3. Erindi varðandi þriðju umferðar Íslandsmótsins í Rallycrossi.

Stjórn fékk sent erindi sem varðar breytingar á úrslitum úr þriðju umferð Íslandsmótsins í Rallycrossi. Stjórn fjallaði um erindið. Formanni er falið að svara þessu erindi.

4. Erindi sem barst vegna keppnishalds í Rallycrossi

Erindi barst til stjórnar, fjallað var um erindið og formanni er falið að svara erindinu sem einnig verði sent Keppnisráði í Rallycrossi til vinnslu.



5. Erindi vegna agamáls.

Erindi barst stjórn vegna agamáls sem kom upp í síðustu umferð Íslandsmótsins í Rallycrossi. Stjórn fjallar um erindið. Stjórnin lítur málið mjög alvarlegum augum og mun skipa sérstaka dómnefnd samkvæmt 17. grein laga AKÍ. Dómnefnd verður falið að fjalla um málið samkvæmt erindisbréfi þar um.

Önnur mál

Til kynningar:

- FIA er búin að gefa út að Október mánuður verður Sjálfboðaliða mánuður. Farið verður í herferð að vekja athygli á hversu mikilvægt sjálfboðaliðastarf er í mótorsporti.

Næsti stjórnarfundur verður fimmtudagurinn 2 okt kl 19.30

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 22:10